

Fundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, að Hlíðarsmára 8, Kópavogi, þann 04.10.2017.

Fundargerð

Fundarstjóri var Kristófer Þorleifsson. Fundargerð ritaði Reynir T. Geirsson.

Alls voru mættir 45 félagar og nokkrir makar. Kl. 15.30 var veitt kaffi, vatn, vínarbrauð og ávextir.

Um kl. 16 setti setti nýr formaður deildarinnar, Kristófer Þorleifsson, fundinn. Hann þakkaði fráfarandi stjórn góð störf og fyrir að skila góðu búi til nýrrar stjórnar. Verið er að uppfæra póstlista deildarinnar. Salurinn hjá Lí verður gerður upp í nóvember og desember og þarf því að færa fundi annað.

Kristófer minntist látinna félaga, þeirra Bjargar Rafnar, Jóns Jóhannessonar og Frosta Sigurjónssonar og fundarmenn risu úr sætum og vottuðu þeim virðingu með stuttri þögn.

Kristófer kynnti síðan fyrirlesara og gesti dagsins, þau



Birnu Jónsdóttur, lækni og



Bruno Frohlich, dansk-bandaríkan mannfræðing sem vinnur við Smithsonian Insitute í Washington D.C. og við Dartmouth College. Umræðuefni þeirra er um fornleifa- og múmíurannsóknir á Smithsonian stofnuninni, m.a. á efni frá Aleuta-eyjum og Mongólíu.

Birna Jónsdóttir talaði fyrst og nefndist erindi hennar „Rannsóknir á múmíum frá Aleutaeyjum með hjálp tölvusneiðmynda“. Hún sagði frá kynnum sínum af hinum fyrirlesaranum, Bruno Frohlich, sem hún hafði unnið með á Smithsonian stofnuninni við að gera tölvusneiðmyndir af múmíum frá Aleutaeyjum sem liggja milli Alaska og yfir að Síberíu og voru byggðar fólki af mongólskum uppruna líkt og indíánar og ínúítar. Allar þessar þjóðir komu upprunalega yfir Beringssundið til meginlands Ameríku. Þegar Aleuta-eyjar fundust um 1780 af James Cook. Á tímum rússneskra yfirráða yfir Alaska voru þar fyrst um 20000 manns en hafði fækkað í 2000 eftir heimsóknir hvítra manna. Þarna hafði þróast sérstætt samfélag fólks sem notaði „body-piercing“ sér til verndar. Birna sýndi svo mynd af konu með lifandi barn sem var í burðarsæti á baki henni en undir barninu var annað dáið barn í múmíu-ástandi. Á eyjunum svipar mörgu til aðstæðna á Íslandi, - þar er berangur, rigningar og þoka og heitar uppsprettur, þ.m.t. heitir hellar þar sem hægt var að hengja dáið fólk upp eftir viðeigandi vandaðan umbúnað og þurrka líkin. Innyfli voru tekin úr líkunum og heyi úr melgresi eða sefgrasi troðið inn í líkin í staðinn, þau saumuð aftur um þau búið vandlega innan í saumuðum fuglhömum þar sem fjaðrir sneru inn, eða í skinnpakkingum eða teppum og tréskálar voru einnig notaðar. Inn í heitu hellunum voru líkin síðan hengd upp og látin þorna og verða að múmíum („mummifaction“).

Talsvert af þessum múmíum voru fjarlægðar úr hellunum upp úr 1930 og færðar á Smithsonian stofnunina til rannsókna. Á þeim árum var mestur áhugi á beinunum og tönnum þeirra en ekki hirt um varðveislunni á umbúnaðinum og mjúkvefjum að sama skapi. Aleuta-búum hefur hins vegar ekki staðið á sama um hvað varð um múmíurnar og þeir hafa viljað fá þær aftur heim til eyjanna. Eftir voru um 30 múmíur í heillegu ástandi og Birna fékk það verkefni að nota nýtt Siemens tölvusneiðmyndataeki til að skoða þær án þess að skemma múmíurnar. Arnarfjaðrir voru sendar frá Aleuta-eyjum til að hafa með múmíunum í verndarskygni við rannsóknirnar. Birna aldurs- og kyngreindi með hefðbundnum röntgenológískum aðferðum. Af múmíunum voru 10 úr burðarmálsaðuð, 10 af börnum, tvær af fólki um tvítugt og aðrar af eldra fólki. Börnin voru látin sitja sem múmíur. Ein múmían var með mjaðmaarthrósu og önnur með merki um lungnaabscess og lungnabólgu sem rakin var til Klebsiellu-sýkingar. Arteríósklerótískar breytingar sástu. Óvíst er hve gamlar múmíurnar voru, en sumar ekki eldri en frá upphafi 20. aldar löngu eftir að Rússar „kristnuðu“ fólkið.

Bruno Frohlich ræddi um sneiðmyndarannsóknir á múmíum frá 16-17 ára vinnuferli, þ.m.t. með Birnu Jónsdóttur. Á Smithsonian stofnuninni eru um 140 milljón munir og tölvusneiðmyndir hafa verið notaðar til að mynda margvíslegustu hluti, þar með talið gamlar fiðlur sem hann sýndi myndir af. Múmíur frá Egyptalandi, Perú og Mongólíu hafa verið myndaðar. Þá þarf ekki að taka þær í sundur og nota má stafræna tækni til að búa til þrívíddar líkön af innihaldinu. Sýni má svo taka í DNA og bíókemískar rannsóknir og dental og cortical beinefni til aldursgreininga. Í Mongólíu hafa múmíur fundist af fólki sem hefur dáið náttúrulegum dauðdaga en aðrar eru af fólki sem hefur verið drepið. Þurr, vindasamt og kalt loftslag veldur mummification þar. Hann ræddi fund í illa aðgengilegum helli í suðurhluta landsins þar sem um var að ræða fjölskyldu sem hafði verið drepin, eins og sást á áverkum og reipum um háls til kyrkingar. Múmíurnar hafa sumpart verið teknar til rannsókna í Bandaríkjunum og svo skilað til Mongólíu. Bruno ræddi greftrunarvenjur í Mongólíu og aðstæður sem gátu leitt til dauða fjölskyldu gegnum refsingar eða dráp af nauðsyn í þessu hirðingjaþjóðfélagi í mjög strjálbýlu landi. Væri glæpur framinn og enginn gekkst við honum var öll fjölskylda viðkomandi drepin. Þá fundust 900 múmíur af fólki sem drepið var árið 1939 á kommúnistatímum með þýskum byssukúlum!

Bruno og Birna ræddu undir fyrirspurnum hvers vegna sumir Aleutar voru geymdir sem múmíur en aðrir og flestir ekki. Það gat verið ef ættingjar áttu óleyst mál eða vantöluð við hinn látna og í tilviki barna ef kenna þurfti þeim á það hvernig komast ætti í annan heim eftir dauðann. Þá varð að hafa þau til staðar svo það væri hægt, fram að tíma þegar greftra mátti múmíurnar.

Birnu og Bruno voru þökkuð fróðleg erindi með gjöfum og lófataki og fundi slitið um kl. 17.